


A close-up, high-resolution photograph of a person's face, focusing on the eyes and nose. The person has light brown, hazel eyes with dark eyeliner and mascara. Their skin is fair with some freckles. The background is a soft, out-of-focus grey.

ÁRSSKÝRSLA 2022

FRÁ STJÓRNARFORMANNI OG FORSTJÓRA

Rekstur Lyfju samstæðunnar gekk heilt yfir vel á árinu 2022, þrátt fyrir áskoranir.

Við lögðum áherslu á nýsköpunarverkefni sem leggja grunn að vexti samstæðunnar á sviði heilbrigðis- og vellíðunar.

Innflutnings- og heildsala samstæðunnar fékk tilskilin leyfi vegna samhliða innflutnings lyfja og tók á móti fyrstu lyfjasendingunni til landsins. Ný verslun og þjónusta á sviði heyrnarvarna, heyrnarmælinga og heyrnartækja var undirbúin, hún opnar á fyrstu mánuðum nýs árs. Lyfju appið festi sig í sessi. Áfram var lögð áhersla á umbreytingu verslana og viðskiptadagatal sem miðar að vitundarvakningu, fræðslu, góðum vörum og ráðgjöf í verslunum Lyfju í samvinnu við færustu sérfræðinga landsins á sviði heilbrigðismála.

Nýr tónn var sleginn í Heilbrigðisráðuneytinu á árinu sem lagði sig fram um að byggja brýr á milli hagsmunaaðila og sýndi vilja í verki, með bæði „Hvítbókarhópnum“ og tilraunaverkefnum þar sem heilbrigðisþjónusta er færð að hluta yfir í apótek. Lyfja hefur um árabíl boðið hjúkrunarþjónustu í apótekum sínum, við vitum svo vel hvers virði það er fyrir viðskiptavinum að auðvelda aðgengi að heilbrigðisþjónustu og tökum stolt þátt í slíkum verkefnum.

Hjá Lyfju starfar framúrskarandi hópur starfsmanna sem náði miklum árangri á árinu, árangri sem eftir var tekið, Lyfja fékk fjórar viðurkenningar, síðast í desember þegar félagið var valið Markaðsfyrirtæki ársins 2022.

Við þökkum viðskiptavinum traustið og viðskiptin á árinu, lifum heil.



APÓTEK LYFJU

Lyfja starfrækir 45 apótek og útibú allan hringinn í kringum landið auk vefverslunar og apps, alls 24 apótek og 21 útibú. Þrjú apótek Lyfju á höfuðborgarsvæðinu eru opin frá kl. 8-24 alla daga ársins.

Á árinu 2022 opnaði Lyfja nýjar og endurbættar verslanir í Smáralind, Borgarnesi, Selfossi, Keflavík, Hafnarstræti, Blönduósi og Mosfellsbæ.



LYFJU APPIÐ

Lyfju appið er orðið eitt af stærstu apótekum Lyfju með á fimmta tug þúsunda notenda.

Með appinu er hægt að panta og greiða fyrir ávísanaskyld lyf, lausasölulyf og stoðvörur. Viðskiptavinir geta valið á milli þess að fá vörur sendar heim eða sækja þær í næsta apótek.

Í appinu er jafnframt hægt að spjalla við sérfræðinga, sækja upplýsingar um öll skráð lyf á Íslandi og sækja um umboð til lyfjakaupa fyrir þá sem ekki geta annast lyfjakaupin sín sjálfir.

Lyfja sendir ávísanaskyld lyf frítt heim á markaðssvæði þar sem um 80% þjóðarinnar býr. Afgreiðslutími heimsendinga á höfuðborgarsvæðinu er frá kl. 10-22 alla daga.



**LYFSEÐILSSKYLD
LYF FRÍTT HEIM**

Heimsending að jafnaði
innan klukkustundar

LYFJA HEYRN

Eitt af nýsköpunarverkefnum Lyfju á árinu 2022 var hönnun nýrrar þjónustu sem mun bætast í vöruframboðið á öðrum ársfjórðungi 2023.

Verslanir Lyfju um allt land munu bæta í vöruval því sem þarf til að **verja, mæla og bæta** heyrn.

Hjúkrunarfræðingar Lyfju í Lágmúla og á Smáratorgi munu framkvæma einfaldar heyrnarmælingar og veita ráðgjöf.

Ný sérvöruverslun og þjónustumiðstöð í Lágmúla mun bjóða ítarlega mælingu hjá heyrnarfræðing eða lækni, og vöruval heyrnartækja í sérhönnuðu heyrnarstúdíói. Þar verður jafnframt hægt að fá ráðgjöf um heyrnartæki, fyrirbyggjandi vörur og lausnir ásamt því að fá lánuð heyrnartæki til prufu.



**HEYRIR
ÞÚ
GRASIÐ
GRÓA?**

HEILSUHÚSIÐ

Heilsuhúsið tók breytingum á árinu en verslanir Heilsuhússins í Lágmúla og Kringlunni voru sameinaðar í júní.

Samhliða umbreytingum á apótekum Lyfju fjölgar Heilsuhúss verslunum „store in store“.

Áhersla er lögð á vörur sem eru umhverfisvænar, lífrænar og án aukaefna í Heilsuhúsinu.



HEILSA

Heilsa er dótturfélag Lyfju og eitt elsta fyrirtæki landsins sem sérhæfir sig í innflutningi, framleiðslu og dreifingu á heilsuvörum.

Á árinu 2022 var lagður grunnur að vexti Heilsu í takt við stefnu félagsins þegar félagið fékk innflutnings- og heildsöluleyfi fyrir lausasöluþyf.

Fyrsta lyfjasending Heilsu kom til landsins í september og sala lausasöluþyfja hófst nokkrum mánuðum síðar.




GULI MIÐINN

Guli miðinn er breið vítamín- og bætiefnalína í eigu Heilsu sem hefur verið pakkað og seld á Íslandi í yfir 30 ár, þróuð með þarfir Íslendinga að leiðarljósi.

Ein mest spennandi nýjungin frá Gula miðanum á árinu var Melatónín sem styður við góða slökun og hvíld.

Gula miðanum er pakkað í dökk glerglös, til að varðveita gæði innihaldsefna og verja þau gegn birtu og sólarljósi, sem og mengun frá plastumbúðum. Allir framleiðendur Gula miðans eru með alþjóðlegt GMP gæðavottunarkerfi og hafa á að skipa fullkomnum rannsóknarstofum til að þróa og prófa hráefni og fullunna vöru.





NÝTT
Melatónín

**TEKJUR
SAMSTÆÐU**

15.241 M.KR.

EBITDA

1.299 M.KR.

EIGNIR

9.648 M.KR.

**EIGINFJÁR-
HLUTFALL**

44%


**HANDBÆRT FÉ
FRÁ REKSTRI**

1.268 M.KR.


**ARÐSEMI
EIGIN FJÁR**

11%


VÖRUSALA SAMSTÆÐU - M.KR.




FRAMLEGÐ SAMSTÆÐU - M.KR.



REKSTRARHAGNAÐUR (EBITDA) - M.KR.



HAGNAÐUR OG ARÐSEMI EIGIN FJÁR - M.KR.



AÐ LENGJA LÍF OG AUKA LÍFSGÆÐI

Ævi Íslendinga er að lengjast en hlutfallið á milli góðu og slæmu áranna er óbreytt. Lífstílstengdir sjúkdómar valda um þriðjungi dauðsfalla á Íslandi, við lifum lengur en við lifum verr.

Mikilvægasta samfélagsverkefni Lyfju er framtíðarsýn félagsins, að **lengja líf og auka lífsgæði**.

Leitin að meiri lífsgæðum með bættri heilsu sameinar okkar viðskiptavini.

Við framfylgjum stefnunni með fræðslu og þjálfun, verslunum okkar og vöruvali, áherslum í markaðsstarfi og stafrænum lausnum.



FRÆÐANDI OG FYRIRBYGGJANDI

Lyfja lagði áherslu á breytingaskeiðið, augnheilsuna, húðina og heilsufarsmælingar árið 2022.

Öll verkefnin samanstóðu af vitundarvakningu, fræðslu í gegnum verslanir, samfélagsmiðla og ráðgjöf, áherslu í vöruframboði og samstarfi við færustu sérfræðinga á viðkomandi sviði hérlendis.

Alls voru haldnir 21 fræðsluviðburðir í beinni útsendingu á samfélagsmiðlum Lyfju á árinu, sjá má dæmi um kynningu slíkra viðburða á næstu síðu.





BREYTINGASKEIÐIÐ?

Hanna Lilja Oddgeirsdóttir
sérnámslæknir í kvensjúkdóma-
og fæðingarlækningum mun fræða
um breytingaskeið kvenna
20. janúar á Facebooksiðu Lyfju



BREYTINGASKEIÐIÐ OG LÍÐAN KARLA

Una Emilsdóttir sérnámslæknir
í umhverfislæknisfræði fræðir um lífrænan lífsstíl
á Facebooksiðu Lyfju 22. júní.



LÍFRÆNN LÍFSSTÍLL

Una Emilsdóttir sérnámslæknir
í umhverfislæknisfræði fræðir um lífrænan lífsstíl
á Facebooksiðu Lyfju 22. júní.



HVAÐ VILTU VITA UM BREYTINGASKEIÐIÐ?

Sígga Dögg og Hanna Lilja svara spurningum
um breytingaskeiðið og kynlíf



SYKURSÝKI 2

Jens Kristján Guðmundsson læknir
veitir fyrirbyggjandi ráð
á Facebooksiðu Lyfju 28. september kl. 11.



AUGNSJÚKDÓMAR

Jóhannes Kári augnlæknir
fræðir um stóru augnsjúkdómana þrjá, forvarnir
og mikilvægi þess að fara reglulega í augnskoðun
á Facebooksiðu Lyfju 6. apríl



ERTU Á BREYTINGASKEIÐINU?

Sigfríð Eik næringaþerapisti veitir
ráðgjöf um næringu og bætiefni
8. mars



AUGNSÝKINGAR

Inga Sæbjörg lyfjafræðingur
fjallar um augnsýkingar
á Facebooksiðu Lyfju 20. apríl



ÖNDUM AÐEINS BETUR

Björgvin Páll leiðir okkur í gegnum öndunaræfingar
á Facebooksiðu Lyfju 29. nóvember kl. 11



HVERNIG ER BLÓÐPRÝSTINGURINN?

Lára Sigurðardóttir læknir veitir góð ráð
á Facebooksiðu Lyfju 12. október kl. 11



STYRKTARSJÓÐUR LYFJU

Úthlutað var í þriðja sinn úr Styrktarsjóði Lyfju árið 2022. Sjóðurinn styrkir árlega verkefni sem teljast heilsueflandi eða hafa forvarnargildi. Alls fengu þrjú félagasamtök styrk:

Hjartavernd, sem leggur áherslu á að finna helstu áhættupætti hjarta- og æðasjúkdóma meðal Íslendinga.

Kraftur, sem er stuðningsfélag sem hefur það að leiðarljósi að beita kröftum sínum til að stoða og styðja ungt fólk sem greinst hefur með krabbamein og aðstandendur þess.

Sorgarmiðstöð, sem sinnir fræðslu og ráðgjöf til syrgjenda, til að efla og styðja við andlega, líkamlega og félagslega heilsu fólks eftir ástvinnamissi.



VÖGGUGJÖFIN

Verðandi og nýbökuðum foreldrum stendur til boða vöggugjöf frá Lyfju sem er að verðmæti um 10 þúsund krónur.

Árið 2022 var vöggugjöfin í þriðja sinn. Vöggugjöfin er samstarfsverkefni Lyfju og framleiðenda barnavara sem seldar eru í Lyfju. Hún var upphaflega þróuð í samvinnu við Ljósmæðrafélag Íslands

Alls voru fjögur þúsund gjafir gefnar á árinu, helmingur að vori og helmingur að hausti. Viðtökur verðandi og nýbakaðra foreldra voru mjög góðar.



ÖRUGG EYÐING LYFJA

Árið 2022 sendi Lyfja 10.965 kg. af lyfjum, sprautum og nálum í örugga eyðingu, sem er 8% meira magn en árið á undan.


Viðskiptavinir Lyfju eru minntir á mikilvægi þess að skila lyfjum til eyðingar í apótekum Lyfju með sérstökum lyfjaskilakössum sem stillt er fram í apótekunum.

Örugg eyðing lyfja er eitt mikilvægasta umhverfisverkefni Lyfju þar sem lyf geta valdið skaða á umhverfinu og mega aldrei fara í rusl, vask eða klósett.



KOLEFNISBÓKHALD

Árið 2022 losaði starfsemi Lyfju og dótturfélaga 458,1 tonn af gróðurhúsalofttegundum. Lyfja hefur gert samning við Kolvið, sem sér um kolefnisbindingu til mótvægis við losun Lyfju.



MARKAÐUR

Lyfja hefur undanfarin ár bætt við sig markaðshlutdeild og var með 33% hlutdeild í seldum lyfjapökkum á Íslandi árið 2022.

Fjöldi seldra lyfjapakka á Íslandi jókst um 6% frá fyrra ári árið 2022 en aukningin hjá Lyfju var 9%. Vöxturinn hjá Lyfju nam um 50% af aukningunni.

Lyfja hlaut fjórar viðurkenningar á árinu:

- **Jafnvægisvog** FKA
- Viðurkenningu í vali **Þekkingarverðlauna** félags viðskipta- og hagfræðinga
- **Framúrskarandi** fyrirtæki CreditInfo og fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri hjá Keldunni og Viðskiptablaðinu
- **Markaðsfyrirtæki** ársins hjá ÍMARK



ÖFLUG LIÐSHEILD UM LAND ALLT

Hjá Lyfju samstæðunni starfar fjölbreyttur hópur sérfræðinga í heilbrigði og vellíðan. Alls var starfsfólk samstæðunnar 384 talsins árið 2022.

Tæpur þriðjungur starfsfólks er sérmenntað heilbrigðisstarfsfólk, lyfjafræðingar, lyfjataeknar og hjúkrunarfræðingar.


Meirihluti starfsfólks Lyfju samstæðunnar eru konur en Lyfja hefur sett sér þau markmið að auka fjölbreytni og hlutfall annarra kynja.

Lyfja hefur hlotið jafnlaunavottun og samkvæmt jafnlaunagreiningu ársins 2022 mældist 0,5% launamunur konum í hag og skýringarhlutfall greiningarinnar var 95%.

Aldursdreifing



Annað kyn en konur





Markmið okkar er að lengja líf og bæta lífsgæði og við byrjum verkið heima, starfsfólk fær:

- Heilsustyrk árlega
- Frí heilsufarsmæling árlega
- Árlegur skóstyrkur
- Afsláttarkjör á kortum í heilsurækt
- Styrk í sálfræðiráðgjöf ef á þarf að halda
- Námskeið í fjármálalæsi og heimilisbókhalði



Einn mikilvægasti vöðvinn okkar er heilinn, starfsfólk fær:

- Bóklega og verklega nýliðabjálfun
- Fræðsla um heilsuvörur og lykilþætti heilbrigðis í takt við árlega áherslur
- Endurmenntun og fagleg símenntun
- 20 styrkir eru veittir árlega til háskólanáms eða fagnáms í framhaldsskóla



Stuðningur á mikilvægum tímamótum, innan og utan vinnu:

- Sveigjanlegt starfshlutfall
- Sveigjanleg starfslok
- Sveigjanleiki í staðsetningum
- Afslátt af allri búðarvöru
- Draumaleyfið, allt að því árs langt launalaust leyfi
- Fæðingastyrk
- 12 daga umönnunarleyfi til að sinna foreldrum eða maka



Áhersla á mikilvæg málefni og tækifæri til að hafa áhrif:

- Lyfjaskilakassar og örugg eyðing lyfja
- Kolefnisbókhalð og kolefnishlutleysi
- Áhrif á vöruframboð og þjónustu
- Þátttaka í fræðslu um heilsusamleg málefni

STJÓRN LYFJU

Ingi Guðjónsson, stjórnarformaður

Daníel Helgason, meðstjórnandi

Ingunn Elín Sveinsdóttir, meðstjórnandi

Jón Óttar Birgisson, meðstjórnandi

Puríður Björg Guðnadóttir, meðstjórnandi



STJÓRN

FORSTJÓRI

FJÁRMÁL

FRAMKVÆMDASTJÓRI

MANNAUÐUR

FRAMKVÆMDASTJÓRI

TÆKNI

FRAMKVÆMDASTJÓRI



VERSLANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRI



**VÖRUR ,
MARKAÐUR OG
STAFRÆNAR LAUSNIR**
FRAMKVÆMDASTJÓRI



STJÓRN

HEILDSALA

FRAMKVÆMDASTJÓRI



Ingi Guðjónsson
Stjórnarformaður

Ingi Guðjónsson stjórnarformaður er annar tveggja stofnenda Lyfju hf. og starfaði sem framkvæmdastjóri félagsins frá 1996-2006.

Ingi er lyfjafræðingur frá Háskóla Íslands, með M.Sc. í lyfjafræði frá Danmarks Farmaceutiske Universitet og MBA frá Bayes Business School í London. Ingi er framkvæmdastjóri og eigandi fjárfestingafélagsins Kaskur.



Sigríður Margrét Oddsdóttir
Forstjóri

Sigríður Margrét Oddsdóttir hefur gegnt stöðu forstjóra frá árinu 2019. Sigríður Margrét situr í skólanefnd Verzlunarskóla Íslands, stjórn Bláa Lónsins og er stjórnarformaður Vinnudeilusjóðs SA.

Sigríður Margrét hefur lokið B.Sc. í rekstrarfræðum frá Háskólanum á Akureyri og hefur setið stjórnendanámskeið hjá bæði IESE og Harvard.



Þórbergur Egilsson
Framkvæmdastjóri verslanasviðs

Þórbergur Egilsson hefur gegnt stöðu framkvæmdastjóra verslanarsviðs frá árinu 2016. Þórbergur hefur starfað hjá félaginu frá 1996 sem bæði stjórnandi og lyfsali í ýmsum apótekum.

Þórbergur hefur lokið M.Sc. í lyfjafræði frá Háskóla Íslands og MBA frá Háskólanum í Reykjavík.



Guðmundur Halldór Björnsson
Framkvæmdastjóri Heilsu

Guðmundur Halldór Björnsson gegndi stöðu sviðsstjóra Heilsu frá árinu 2021 og stöðu framkvæmdastjóra Heilsu frá 2023. Guðmundur Halldór starfaði áður sem sviðsstjóri stafrænnar þjónustu og markaðsmála hjá Lyfju og forstöðumaður sölu- og viðskiptaþróunar hjá VÍS.

Guðmundur Halldór hefur lokið B.Sc. í alþjóðamarkaðsfræði frá Tækniháskóla Íslands og er rekstrarfræðingur frá Tækniháskóla Íslands.



Hildur Þórisdóttir
Framkvæmdastjóri
mannauðssviðs

Hildur Þórisdóttir hefur gegnt stöðu framkvæmdastjóra mannauðssviðs frá árinu 2020. Áður starfaði Hildur sem mannauðsstjóri Mannvits og sem markaðs- og mannauðsstjóri Kviku banka.

Hildur hefur lokið B.A. í sálfræði og M.Sc. í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands.



Sigurður Kristjánsson
Framkvæmdastjóri
fjármálasviðs

Sigurður Kristjánsson hefur gegnt stöðu framkvæmdastjóra fjármálasviðs frá árinu 2001. Áður starfaði Sigurður sem fjármálafulltrúi í fjármáladeild LSH og sem framkvæmdastjóri hjá Heilbrigðisstofnun Vestfjarða.

Sigurður hefur lokið B.Sc. í viðskiptafræði frá Háskólanum á Bifröst.



Karen Ósk Gylfadóttir
Framkvæmdastjóri vöru
markaða og stafrænna
lausna

Karen Ósk Gylfadóttir gegndi stöðu sviðsstjóra stafrænnar þjónustu og markaðsmála frá árinu 2021 og stöðu framkvæmdastjóra vöru- og markaðssviðs frá árinu 2023. Áður starfaði Karen sem markaðsstjóri Nova. Karen hefur mikla reynslu af markaðsmálum og rekstri verslana og starfaði m.a. í tvö ár við markaðsmál hjá Íslandsbanka þar sem hún sat meðal annars í teymi bankans við innleiðingu á stafrænum lausnum.

Karen hefur lokið B.Sc. í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands.



Þorvaldur Einarsson
Framkvæmdastjóri
tæknisviðs

Þorvaldur Einarsson hóf störf hjá Lyfju árið 2022 og gegnir stöðu framkvæmdastjóra tæknisviðs. Hann hefur umfangsmikla reynslu og þekkingu á upplýsingatækni, hann starfaði áður sem viðskiptaþróunarstjóri App Dynamic og forstöðumaður hugbúnaðarlausna hjá Origo.

Þorvaldur er með B.Sc. í rafmagns- og tölvuverkfræði frá Háskóla Íslands og M.Sc. í rafmagnsverkfræði frá University of Maryland.

STJÓRNENDUR LYFJU

Alfreð Ómar Ísaksson, Lyfju Hafnarstræti. **Bjarne Nielsen**, Lyfju Stykkishólmi. **Elínborg Kristjánsdóttir**, Lyfju Lágmúla. **Hróðmar Jónsson**, Lyfju Mosfellsbæ. **Elín Kristjánsdóttir**, Lyfju Garðatorgi. **Freydís Selma Guðmundsdóttir**, Lyfju Granda. **Friðþjófur Már Sigurðsson**, Lyfju Sauðárkróki. **Guðbjörg Jónsdóttir**, Lyfju Neskaupsstað. **Inga Sæbjörg Magnúsdóttir**, Lyfju Egilsstöðum. **Ingibjörg Arnardóttir**, Lyfju Smáratorgi. **Ingvar Þór Guðjónsson**, Lyfju Akureyri. **Írena Björk Ásgeirsdóttir**, Lyfju Húsavík. **Íris Erla Gísladóttir**, Lyfju Selfossi. **Eypór Einar Sigurgeirsson**, Lyfju Hólagarði. **Jónas Þór Birgisson**, Lyfju Ísafirði. **Kristín Perla Sigurbjörnsdóttir**, Lyfju Borgarnesi. **Kristjana Ósk Samúelsdóttir**, Lyfju Spöng. **Rebecca Soltvedt**, Lyfju Heyrn. **Sigurður Hrannar Sveinsson**, Lyfju Skeifunni. **Sólveig Óskarsdóttir**, Lyfju Reykjanesbæ. **Ingibjörg Ösp Magnúsdóttir**, Lyfju Setbergi. **Thelma Ögn Sveinsdóttir**, Lyfju Nýbýlavegi. **Vilborg Halldórsdóttir**, Lyfju Árbæ. **Þórhildur Sch. Thorsteinsson**, Lyfju Grafarholti.







STJÓRNARHÆTTIR

Starfsreglur stjórnar taka mið af leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem Viðskiptaráð Íslands, Samtök Atvinnulífsins og Nasdaq Iceland gefa út.

Persónuverndarstefna Lyfju tekur á því í hvaða tilgangi og með hvaða hætti persónuupplýsingum er safnað og hvernig farið er með slík gögn, hana má finna [hér](#). Persónuverndarfulltrúi Lyfju er **Hildur Þórarinsdóttir**, lögfræðingur hjá Juris.



STJÓRNARHÆTTIR

Öryggistefna Lyfju miðar að því að skipa Lyfju í fremstu röð í sinni grein hvað varðar upplýsingar, hana má finna [hér](#). Öryggisstjóri Lyfju er **Þorvaldur Einarsson**, framkvæmdastjóri tæknisviðs.

Gæðakerfi Lyfju er ætlað að mæta faglegum kröfum um rekstur apóteka. Gæðahandbók Lyfju er útfærð með hliðsjón af ISO 9000. Hjá Lyfju starfar gæðaráð og gæðastjóri, reglulega eru framkvæmdar innri úttektir á fylgni við gæðahandbók og árlega veitt gæðaverðlaun. Gæðastjóri Lyfju er **Aníta Björk Sigurðardóttir**, lyfjafræðingur.



**HEILBRIGÐI
SNÝST UM
VELLÍÐAN**

